

Ed.

777. Frumvarp

til laga um váttryggingar opinna vélbáta.

(Eftir eina umr. i Nd.).

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillubáta), í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta eigi kost á að váttryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag. Skal það gert í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Fiskifélagið ákveður takmörk félagssvæða.

2. gr.

Í félagslögum skal váttryggingariðgjald ákveðið 5% á ári af virðingarupphæð.

Þegar váttryggður bátur stendur á landi fjóra til sex mánuði samanlagt á ári (eða meira), er skylt að endurgreiða hluta af váttryggingariðgjaldinu, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, þó ekki yfir 25%. Nú stendur bátur á landi lengur en sex mánuði, og má þá endurgreiða allt að 40% af iðgjaldinu.

3. gr.

Nú hefir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögunum:

a) að félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.

a) að váttryggingin nái aðeins til $\frac{1}{5}$ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en $\frac{1}{5}$ hluti sé hvergi tryggður, og til $\frac{3}{4}$ hluta í hverjum annars flokks bát, en $\frac{1}{4}$ hluti sé hvergi tryggður.

- a ð félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að bjarga lífi skipshafnar.
- a ð lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
- a ð Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

4. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts (trillubáts), sem aðallega gengur til fiskveiða, er skylt að hafa bát sinn vátryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum, enda hafi bátaábyrgðarfélag verið stofnað í hlutaðeigandi verstöð. Rísi ágreiningur um tryggingarskyldu báta, sker stjórn hlutaðeigandi ábyrgðarfélags úr.

5. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, vátryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir vátryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.